

**Menntaskólinn í Reykjavík**

**02 301**

**Ársreikningur 2024**

## Efnisyfirlit

### Bls.

|                                                        |   |
|--------------------------------------------------------|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns .....                  | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins .....                         | 3 |
| Efnahagsreikningur .....                               | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                              | 5 |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum ..... | 6 |
| Skýringar .....                                        | 7 |

Menntaskólinn í Reykjavík  
kt. 460269-2109  
Lækjargötu 7, 101 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn í Reykjavík er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs. Skólinn hefur ávallt kappkostað að gera nemendur sína sem hæfasta til að stunda háskólanám og veitt þeim haldgóða menntun sem nýtist þeim hvert sem leið þeirra liggur að loknu stúdentsprófi.

Starfsemin fellur undir málefna svið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 1.286,8 milljónir og afkoma kr. -61,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -178,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 89,7 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Skólinn óskaði eftir að fjárfestingarframlag frá 2023 og 2024 um 85 milljónir yrðu færð í gegnum fjárukalög á rekstur, sem náðist ekki. Búið er að óska eftir að færslan gerist á árinu 2025.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans í Reykjavík fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2024

|                                                              | Skýr | 2024                 | 2023                 |
|--------------------------------------------------------------|------|----------------------|----------------------|
| <b>Tekjur</b>                                                |      |                      |                      |
| Tekjufærsla fjárveitinga .....                               | 2    | 1.241.779.032        | 1.117.093.481        |
| Aðrar tekjur .....                                           | 3    | 9.446.000            | 8.553.000            |
| Seld þjónusta .....                                          | 4    | 3.190.282            | 4.130.461            |
| Vörusala .....                                               |      | 21.761.300           | 19.990.112           |
| Framlög og ýmsar tekjur .....                                | 5    | 2.869.500            | 9.497.393            |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....                  | 2    | 7.753.576            | 8.562.060            |
| <b>Tekjur samtals</b>                                        |      | <b>1.286.799.690</b> | <b>1.167.826.507</b> |
| <b>Gjöld</b>                                                 |      |                      |                      |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....         | 6    | 1.024.477.679        | 964.191.204          |
| Annar rekstrarkostnaður .....                                | 7    | 316.292.091          | 310.836.901          |
| Afskriftir og niðurfærslur .....                             | 8    | 7.753.576            | 8.562.060            |
| <b>Gjöld samtals</b>                                         |      | <b>1.348.523.346</b> | <b>1.283.590.165</b> |
| <b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>                            |      | <b>(61.723.656)</b>  | <b>(115.763.658)</b> |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>                    |      |                      |                      |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....               |      | 0                    | 176.272              |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....                     |      | (14.934)             | (28.216)             |
|                                                              |      | (14.934)             | 148.056              |
| <b>Afkoma ársins</b>                                         |      | <b>(61.738.590)</b>  | <b>(115.615.602)</b> |
| <b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b> |      |                      |                      |
| Rekstur .....                                                | 2    | (67.499.590)         | (115.615.602)        |
| Rekstrartilfærslur .....                                     |      | 5.761.000            | 0                    |
|                                                              |      | (61.738.590)         | (115.615.602)        |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

|                                                     | Skýr | 31.12.2024           | 31.12.2023           |
|-----------------------------------------------------|------|----------------------|----------------------|
| <b>Eignir</b>                                       |      |                      |                      |
| Handbært fé .....                                   | 9    | 57.576.441           | 32.505.164           |
| Viðskiptakröfur .....                               |      | 340.095              | 690.719              |
| Tengdir aðilar .....                                | 10   | 0                    | 4.102.334            |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....   |      | 1.204.135            | 1.204.135            |
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....                  | 11   | 30.541.883           | 38.191.569           |
| <b>Eignir samtals</b>                               |      | <u>89.662.554</u>    | <u>76.693.921</u>    |
| <b>Skuldir</b>                                      |      |                      |                      |
| Tengdir aðilar .....                                | 10   | 85.682.250           | 865.143              |
| Viðskiptaskuldir .....                              |      | 3.520.907            | 3.907.496            |
| Ýmsar skammtímaskuldir .....                        | 12   | 64.531.191           | 66.500.910           |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....     | 13   | 114.060.111          | 121.813.687          |
| <b>Skuldir samtals</b>                              |      | <u>267.794.459</u>   | <u>193.087.236</u>   |
| <b>Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals</b> |      | (178.131.905)        | (116.393.315)        |
| <b>Eigið fé</b>                                     | 14   |                      |                      |
| Hrein eign .....                                    |      | (178.131.905)        | (116.393.315)        |
| <b>Eigið fé samtals</b>                             |      | <u>(178.131.905)</u> | <u>(116.393.315)</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                  |      | <u>89.662.554</u>    | <u>76.693.921</u>    |
| <b>Aðrar upplýsingar</b>                            | 15   |                      |                      |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

|                                                  | Skýr | 2024         | 2023          |
|--------------------------------------------------|------|--------------|---------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                        |      |              |               |
| Hreint veltufé frá rekstri:                      |      |              |               |
| Afkoma ársins .....                              |      | (61.738.590) | (115.615.602) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: |      |              |               |
| Afskriftir .....                                 | 8    | 7.753.576    | 8.562.060     |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....      |      | (7.753.576)  | (8.562.060)   |
|                                                  |      | (61.738.590) | (115.615.602) |
| Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:            |      |              |               |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....    |      | 350.624      | (858.089)     |
| Tengdir aðilar .....                             |      | 88.815.551   | 103.215.421   |
| Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:           |      |              |               |
| Skammtímaskuldir .....                           |      | (2.356.308)  | (15.418.535)  |
|                                                  |      | 86.809.867   | 86.938.797    |
|                                                  |      |              |               |
| <b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>    |      | 25.071.277   | (28.676.805)  |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                   |      |              |               |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....       | 11   | (103.890)    | (1.914.175)   |
|                                                  |      | (103.890)    | (1.914.175)   |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                    |      |              |               |
| Tengdir aðilar .....                             |      | 103.890      | 0             |
| Fjárfestingarframlag .....                       |      | 0            | 1.914.175     |
|                                                  |      | 103.890      | 1.914.175     |
| <b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>             |      |              |               |
| Handbært fé í byrjun árs .....                   |      | 25.071.277   | (28.676.805)  |
|                                                  |      | 32.505.164   | 61.181.969    |
| <b>Handbært fé í árslok</b>                      |      | 57.576.441   | 32.505.164    |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

|                                                                      | Fjárveiting til<br>rekstrar | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjárveiting til<br>fjárfestinga | Samtals              |
|----------------------------------------------------------------------|-----------------------------|-------------------------|---------------------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024 .....       | 1.089.200.000               | 0                       | 73.400.000                      | 1.162.600.000        |
| Fjáraukalög .....                                                    | 73.400.000                  | 0                       | (73.400.000)                    | 0                    |
| <b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>             | <b>1.162.600.000</b>        | <b>0</b>                | <b>0</b>                        | <b>1.162.600.000</b> |
| Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....                  |                             |                         |                                 |                      |
| Launabætur .....                                                     | 25.900.000                  | 0                       | 0                               | 25.900.000           |
| Millifærslur milli fjárlagaliða .....                                | 24.418.032                  | 5.761.000               | 0                               | 30.179.032           |
| Millifærslur frá varasjóði .....                                     | 23.100.000                  | 0                       | 0                               | 23.100.000           |
| <b>Fjárveiting ársins .....</b>                                      | <b>1.236.018.032</b>        | <b>5.761.000</b>        | <b>0</b>                        | <b>1.241.779.032</b> |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað) ..... | (116.393.315)               | 0                       | 83.622.118                      | (32.771.197)         |
| <b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>                     | <b>1.119.624.717</b>        | <b>5.761.000</b>        | <b>83.622.118</b>               | <b>1.209.007.835</b> |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....                       | (1.303.517.622)             | 0                       | (103.890)                       | (1.303.621.512)      |
| <b>Staða fjárveitinga í lok árs 2024 .....</b>                       | <b>(183.892.905)</b>        | <b>5.761.000</b>        | <b>83.518.228</b>               | <b>(94.613.677)</b>  |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

## Skýringar

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

|                                   | 2024                 | 2023                 |
|-----------------------------------|----------------------|----------------------|
| <b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b> |                      |                      |
| Fjárveiting ársins .....          | 1.241.779.032        | 1.117.093.481        |
| Tekjufærsla frestaðra tekna ..... | 7.753.576            | 8.562.060            |
|                                   | <b>1.249.532.608</b> | <b>1.125.655.541</b> |

## Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

|                                                                     | Rekstur              | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Samtals              |
|---------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------------|--------------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....           | 1.089.200.000        | 0                       | 0                        | 1.089.200.000        |
| Fjáraukalög .....                                                   | 73.400.000           | 0                       | 0                        | 73.400.000           |
| Launabætur .....                                                    | 25.900.000           | 0                       | 0                        | 25.900.000           |
| Millifært úr varasjóð .....                                         | 23.100.000           | 0                       | 0                        | 23.100.000           |
| Millifærslur milli fjárlagaliða .....                               | 24.418.032           | 5.761.000               | 0                        | 30.179.032           |
| <b>Fjárveiting til tekna .....</b>                                  | <b>1.236.018.032</b> | <b>5.761.000</b>        | <b>0</b>                 | <b>1.241.779.032</b> |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum . | (1.303.517.622)      | 0                       | 0                        | (1.303.517.622)      |
| <b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>                    | <b>(67.499.590)</b>  | <b>5.761.000</b>        | <b>0</b>                 | <b>(61.738.590)</b>  |

|                               | 2024             | 2023             |
|-------------------------------|------------------|------------------|
| <b>3 Aðrar tekjur</b>         |                  |                  |
| Sala á vöru og þjónustu ..... | 9.446.000        | 8.553.000        |
|                               | <b>9.446.000</b> | <b>8.553.000</b> |

|                                  |                  |                  |
|----------------------------------|------------------|------------------|
| <b>4 Seld þjónusta</b>           |                  |                  |
| Veitinga- og gistipjónusta ..... | 2.155.282        | 3.048.461        |
| Fræðslustarfsemi og fundir ..... | 1.035.000        | 1.082.000        |
|                                  | <b>3.190.282</b> | <b>4.130.461</b> |

|                                         |                  |                  |
|-----------------------------------------|------------------|------------------|
| <b>5 Framlög og ýmsar tekjur</b>        |                  |                  |
| Leigutekjur .....                       | 0                | 1.200.000        |
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta ..... | 2.775.000        | 8.196.333        |
| Ýmsar tekjur .....                      | 94.500           | 101.060          |
|                                         | <b>2.869.500</b> | <b>9.497.393</b> |

|                                                         |                      |                    |
|---------------------------------------------------------|----------------------|--------------------|
| <b>6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b> |                      |                    |
| Laun .....                                              | 827.978.226          | 781.489.332        |
| Orlof, breyting .....                                   | 4.108.594            | 4.108.749          |
| Launatengd gjöld .....                                  | 189.999.900          | 183.025.552        |
| Starfsmannakostnaður .....                              | 2.390.959            | (4.432.429)        |
|                                                         | <b>1.024.477.679</b> | <b>964.191.204</b> |
| Meðalfjöldi stöðugilda .....                            | 76,3                 | 77,9               |

## Skýringar

|                                                              | 2024        | 2023        |
|--------------------------------------------------------------|-------------|-------------|
| <b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>                             |             |             |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....                            | 2.333.900   | 2.129.231   |
| Byggingarvörur, almennar ....                                | 7.357       | 19.051      |
| Byggingarvörur, aðrar ....                                   | 34.452      | 76.217      |
| Tæki og búnaður til innréttinga ....                         | 0           | 92.312      |
| Ýmis tæki og áhöld ....                                      | 1.707.607   | 1.156.796   |
| Varahlutir og viðhaldsvörur ....                             | 22.422      | 0           |
| Orkugjafar ....                                              | 10.846.461  | 7.732.025   |
| Matvæli ....                                                 | 4.919.400   | 6.007.364   |
| Almennar rekstrarvörur ....                                  | 4.177.349   | 4.230.634   |
| Vörukaup, almenn                                             | 24.048.948  | 21.443.630  |
| Rannsóknarstofuefni ....                                     | 0           | 34.675      |
| Kennslu- og föndurvörur ....                                 | 480.527     | 547.534     |
| Ýmsar sérgreindar vörur ....                                 | 123.462     | 171.672     |
| Vörukaup, sérgreind                                          | 603.989     | 753.881     |
| Fundir, námskeið, risna ....                                 | 973.086     | 2.011.670   |
| Ferðir, uppihald ....                                        | 498.260     | 1.317.107   |
| Akstur ....                                                  | 90.189      | 1.526.344   |
| Sérfræðipjónusta ....                                        | 15.732.759  | 24.885.720  |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....              | 84.798      | 210.233     |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....                       | 347.611     | 225.285     |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....           | 843.072     | 1.526.929   |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta    | 18.569.775  | 31.703.288  |
| Samningsbundin kaup og leiga ....                            | 3.490.848   | 872.712     |
| Afnotagjöld ....                                             | 9.228.566   | 9.254.233   |
| Leigugjöld ....                                              | 243.303.154 | 228.561.804 |
| Notkun véla og flutningatækja ....                           | 317.430     | 384.520     |
| Verkkaup ....                                                | 9.609.623   | 12.500.594  |
| Kostnaðarhlutdeild ....                                      | 273.282     | (65.241)    |
| Tryggingar, lögboðnar ....                                   | 89.554      | 75.969      |
| Opinber gjöld ....                                           | 376.349     | 635.296     |
| Tilfærslur ....                                              | 15.000      | 10.000      |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 266.703.806 | 252.229.887 |
| Vörukaup ....                                                | 6.365.573   | 4.706.215   |
| Vörur til endursölu og birgðabreyting                        | 6.365.573   | 4.706.215   |
| Annar rekstrarkostnaður samtals                              | 316.292.091 | 310.836.901 |
| <b>8 Afskriftir</b>                                          |             |             |
| Áhöld, tæki og búnaður ....                                  | 7.753.576   | 8.562.060   |
|                                                              | 7.753.576   | 8.562.060   |

## Skýringar

|                                                         | 31.12.2024        | 31.12.2023        |
|---------------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| <b>9 Handbært fé</b>                                    |                   |                   |
| Tékkareikningar .....                                   | 48.495.699        | 23.515.056        |
| Sparisjóðsreikningar .....                              | 4.467.931         | 4.377.297         |
| Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum ..... | 4.612.811         | 4.612.811         |
|                                                         | <u>57.576.441</u> | <u>32.505.164</u> |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 15,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

|                          | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|--------------------------|------------|------------|
| <b>10 Tengdir aðilar</b> |            |            |

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

|                                         |          |                  |
|-----------------------------------------|----------|------------------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð ..... | 0        | 4.102.334        |
|                                         | <u>0</u> | <u>4.102.334</u> |

*Skuldir við tengda aðila:*

|                                               |                   |                |
|-----------------------------------------------|-------------------|----------------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....       | 83.275.768        | 0              |
| Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila ..... | 2.406.482         | 865.143        |
|                                               | <u>85.682.250</u> | <u>865.143</u> |

## 11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

|                              |                   |                   |
|------------------------------|-------------------|-------------------|
| Áhöld, tæki og búnaður ..... | 30.541.883        | 38.191.569        |
|                              | <u>30.541.883</u> | <u>38.191.569</u> |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

|                             | Áhöld, tæki<br>og búnaður | Farartæki<br>og vélar | Fasteignir | Aðrar eignir | Samtals            |
|-----------------------------|---------------------------|-----------------------|------------|--------------|--------------------|
| Staða 01.01.2024 .....      | 106.972.828               | 0                     | 0          | 0            | 106.972.828        |
| Viðbætur á árinu .....      | 103.890                   | 0                     | 0          | 0            | 103.890            |
|                             | <u>107.076.718</u>        | <u>0</u>              | <u>0</u>   | <u>0</u>     | <u>107.076.718</u> |
| Afskriftir 01.01.2024 ..... | 68.781.259                | 0                     | 0          | 0            | 68.781.259         |
| Afskrift ársins .....       | 7.753.576                 | 0                     | 0          | 0            | 7.753.576          |
|                             | <u>76.534.835</u>         | <u>0</u>              | <u>0</u>   | <u>0</u>     | <u>76.534.835</u>  |
| Staða 31.12.2024 .....      | <u>30.541.883</u>         | <u>0</u>              | <u>0</u>   | <u>0</u>     | <u>30.541.883</u>  |

|                                  | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|----------------------------------|------------|------------|
| <b>12 Ýmsar skammtímaskuldir</b> |            |            |

|                           |                   |                   |
|---------------------------|-------------------|-------------------|
| Ógreitt orlof .....       | 64.243.191        | 60.134.597        |
| Önnur ógreidd gjöld ..... | 288.000           | 6.366.313         |
|                           | <u>64.531.191</u> | <u>66.500.910</u> |

## Skýringar

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

|                                                             | 31.12.2024         | 31.12.2023         |
|-------------------------------------------------------------|--------------------|--------------------|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....       | 30.541.883         | 38.191.569         |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) ..... | 83.518.228         | 83.622.118         |
|                                                             | <u>114.060.111</u> | <u>121.813.687</u> |

|                                                  | Frestaðar<br>tekjur vegna<br>fjárfestinga | Fjárfestinga-<br>fjárveiting | Samtals<br>frestaðar<br>tekjur |
|--------------------------------------------------|-------------------------------------------|------------------------------|--------------------------------|
| Staða 01.01.2024 .....                           | 38.191.569                                | 83.622.118                   | 121.813.687                    |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ..... | 103.890                                   | (103.890)                    | 0                              |
| Tekjufærsla frestaðra tekna .....                | (7.753.576)                               | 0                            | (7.753.576)                    |
|                                                  | <u>30.541.883</u>                         | <u>83.518.228</u>            | <u>114.060.111</u>             |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 1,9 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

### 14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

|                      | 31.12.2024           | 31.12.2023           |
|----------------------|----------------------|----------------------|
| <b>Hrein eign</b>    |                      |                      |
| Jöfnuður 1.1. ....   | (116.393.315)        | (777.713)            |
| Afkoma ársins .....  | (61.738.590)         | (115.615.602)        |
| Jöfnuður 31.12. .... | <u>(178.131.905)</u> | <u>(116.393.315)</u> |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 15 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa og aðra samninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 252,9 milljónum, vegna þjónustusamninga kr. 22,4 milljónum og vegna annara samninga kr. 4,7 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.